

Kjarasamningur

milli Rótarinnar og Eflingar - stéttarfélags

1. gr. **Gildistími og gildissvið**

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028 og rennur þá út án frekari fyrirvara. Kjarasamningurinn nær til kjara félagsfólks í Eflingu sem starfa í neyðarskýli fyrir heimilislausar konur.

2. gr. **Inntak samnings**

Um kaup og kjör félagsfólks Eflingar sem starfa í neyðarskýli fyrir heimilislausar konur fer í öllum atriðum eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg ásamt fylgiskjölum sem undirritaður var 10. mars 2020 ásamt framlengingum sem undirritaðar voru 1. apríl 2023 og 20. júní 2024 nema um þau atriði sem í samningi þessum greinir. Samningur þessi hefur sömu samningsforsendur og kjarasamningur Eflingar við Reykjavíkurborg.

3. gr. **Röðun starfa**

Við röðun starfa í launaflokk skal miða við niðurstöður starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar eins og þær eru hverju sinni fyrir starfsmenn sem vinna í Gistiskýlinu á Lindargötu fyrir heimilislausa karlmenn. Starfsheitið eru nú við undirritun samnings Starfsmaður í neyðarskýli sem er í launaflokk 248

Reykjavík, 14. apríl 2025

f.h. Rótarinnar
með fyrirvara um samþykki stjórnar

f.h. Eflingar - stéttarfélags